



TOLLSTJÓRINN Í REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. P 135/1526
komudagur 22.2.2008

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 10-12
150 Reykjavík

Reykjavík 22. febrúar 2008

Málefni: Umsögn um frumvarp til varnarmálalaga

Embætti tollstjórans í Reykjavík vísar til bréfs dags. 7. febrúar sl. þar sem utanríkismálanefnd Alþingis óskar eftir umsögn embættisins um frumvarp til varnarmálalaga (*þskj. 565 – 331. mál*).

Embættið hefur engar athugasemdir við ofangreint frumvarp en þakkar fyrir að hafa fengið tækifæri til að koma þeim að.

Tollyfirvöld á Íslandi gera sér grein fyrir auknu öryggishlutverki tollgæslu í tengslum við verndun flutningskeðjunnar á alþjóðavísu. Því má m.a. finna stað í regluverki Alþjóðatollastofnunarinnar til að vernda og auðvelda alþjóðleg viðskipti (*Framework of Standards to Secure and Facilitate Global Trade*). Íslensk tollyfirvöld sendu frá sér viljayfirlýsingu árið 2005 til Alþjóðatollastofnunarinnar um að styðja og innleiða regluverkið.

Embættið fagnar því að sett verði á laggirnar stofnun sem hefur það hlutverk að fara með verkefni á sviði öryggis- og varnarmála og geti stofnað til samráðs milli stofnana sem vinna að gæslu almannaöryggis en þar á meðal eru tollyfirvöld.

Virðingarfyllst,
f.h. tollstjórans í Reykjavík

Karen Bragadóttir
forstöðumaður tollasviðs